



Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Fundur var haldinn í hafnar- og skipulagsnefnd þriðjudaginn 9. mars 2021 kl. 16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Adolf H. Berndsen, Péturína L. Jakobsdóttir, Guðmundur E. Erlendsson, Steindór R. Haraldsson, Jóhann Sigurjónsson, Bragi Þór Haraldsson og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Adolf H. Berndsen formaður setti fundinn og stjórnaði honum, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skipulagsmál

a. Afgreiðslur byggingafulltrúa

Bragi Þór greindi frá þeim verkefnum sem byggingafulltrúi hefur tekið til umfjöllunar og afgreiðslu frá síðasta fundi. Samþykkt voru byggingaráform á Ránarbraut 10 þann 15. desember 2020 vegna byggingar einbýlishúss.

b. Skipulagslýsing vegna breytinga á deiliskipulagi að Hólanesi

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á deiliskipulagi að Hólanesi vegna áforma um byggingu sjóbaða. Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir skipulagslýsinguna og leggur til við sveitarstjórn að hún verði afgreidd samkvæmt 40. grein skipulagsлага nr. 123/2010.

c. Tölvupóstur Ólafs Björnssonar hrl. f.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna landamerkja sveitarfélaga á Skaga.

Fyrir fundinum lá bréf Ólafs Björnssonar lögmanns f.h. Sveitarfélagsins Skagafjarðar er varðar sýslumörk á Skaga milli Skagfirðinga og Húnvetninga. Óskað er eftir fundi með aðilum máls til þess að ræða mögulega úrlausn á landamerkjadeilu. Erindið var lagt fram til kynningar og vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.



HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

2. Höfnin

a. Framkvæmdir smábátahöfn


Fyrir fundinum lágu teikningar af lengingu austurgarðs smábátahafnar. Bilið milli garða verður 15 m í fullu dýpi að framkvæmdum loknum og verður garðurinn að sama skapi hækkaður um 0.5 m frá norðurhlíðinni við landstöpla smábátahafnar. Fram kom að framkvæmdir hafi tafist vegna þungatakmarkana á veki til og frá grjótnámu sem notast þarf við vegna verkefnisins en vonir standi til þess að þeim verði aflétt í vikunni 15.-19. mars.

3. Önnur mál.

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:50


Hafnar og skipulagsnefnd:


Adolf H. Berndsen, form.



Jóhann Sigurjónsson


Steindór R. Haraldsson


Guðmundur E. Egilsson


Péturína L. Jakobsdóttir

Starfsmenn:


Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi


Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri